

Fundargerð 892. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 11. desember kl. 13:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Gunnar Einarsson boðaði forföll, varamaður hans Haraldur Sverrisson mætti í hans stað. Bjarni Jónsson boðaði forföll, varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 891. fundar - 2009100SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 891. fundar stjórnar sambandsins frá 20. nóvember 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta stjórnarfundum sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

2. Félagspjónustunefnd sambandsins - 2009307SA

Lögð fram fundargerð 52. fundar félagspjónustunefndar sambandsins frá 9. desember 2020.

Stjórn sambandsins lýsir yfir miklum áhyggjum vegna stöðu NPA-verkefnisins og kallar eftir því að markviss vinna við lausn álitafna hefjist án tafar. Stjórnin áréttar að sveitarfélögin hafa innleitt þjónustuformið af metnaði og telja NPA mikilvægan valkost. Forgangsmál er á þessu stigi að fjármögnun þjónustunnar verði tryggð á næsta ári. Ef áfram á að vinna að innleiðingu er nauðsynlegt að gagnger breyting verði á þeim römmum sem ríkið setur um fjármögnun og skipulag verkefnisins.

Jón Björn Hákonarson kom inn á fundinn kl. 13:18.

3. Vinnufundur stjórnar sambandsins um úrgangsmál - 2009100SA

Lögð fram til kynningar fundargerð vinnufundar stjórnar sambandsins um úrgangsmál frá 4. desember 2020.

4. Endurskipun í kjaramálanefnd sambandsins - 2009623SA

Endurskipun í kjaramálanefnd sambandsins.

Samþykkt að tilnefna Lóu Birnu Birgisdóttur, sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar í stað Ragnildar Ísaksdóttur, sem látið hefur af störfum hjá Reykjavíkurborg.

5. Þjónustukönnun sambandsins - 2009404SA

Lagðar fram niðurstöður í þjónustukönnun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri sagði að stjórnendur hjá sambandinu væru að rýna vel niðurstöður könnunarinnar með það að leiðarljósi að bregðast við ýmsum uppbyggilegum ábendingum til að bæta starfsemina eins og kostur er. Kemur það m.a. fram í tillögu að starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2021.

Stjórnin lýsir ánægju með að heildarniðurstöður könnunarinnar eru mjög jákvæðar í garð sambandsins þó alltaf megi bæta og þróa starfsemina á jákvæðan hátt. Stjórn sambandsins leggur áherslu á að þjónustukönnun verði framvegis framkvæmd með reglulegri hætti en verið hefur.

6. Mat á árangri á starfsáætlun sambandsins 2020 - 2009392SA

Lagt fram mat á árangri á starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti matsins.

Stjórnin þakkar fyrir greinargott mat á árangri og framfylgd starfsáætlunar ársins 2020. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á tímum Covid-19 hefur tekist að halda uppi öflugri starfsemi og er sérstök ástæða til að þakka markvissa upplýsingagjöf til sveitarfélaga. Hvetur stjórnin til þess að áfram verði haldið á sömu braut á næsta ári.

7. Drög að starfsáætlun sambandsins 2021 - 2011018SA

Lögð fram drög að starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2021. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.

Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi drög að starfsáætlun sambandsins ársins 2021 með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Ákveðið að taka starfsáætlun stjórnar aftur til afgreiðslu á næsta stjórnarfundum.

8. Tillaga til landsþings sambandsins 2020 - 2009390SA

Lögð fram tillaga til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020, dags. 3. desember 2020, sem hefur verið send til stjórnar. Rætt ítarlega um tillöguna meðal stjórnarmanna.

Ákveðið að boða til aukafundar stjórnar miðvikudaginn 16. desember nk. til undirbúnings landsþingi.

Halldóra Lóa Þórhallsdóttir vék að fundi kl. 14:55.

9. Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs - 2009577SA

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 9. desember 2020, þar sem óskað er eftir samþykki stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á breytingum á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum.

Stjórn samþykkir þær breytingar sem kynntar hafa verið á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs.

10. Krafa frá Reykjavíkurborg um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga -2009370SA

Lagt fram bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 19. nóvember 2020, um kröfu Reykjavíkurborgar um greiðslu framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, ásamt fylgiskjölum. Bréfið var kynnt í upphafi síðasta fundar stjórnar en ekki tekið formlega á dagskrá. Einnig lögð fram bókun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 1. desember 2020, og bókun bæjarráðs Hveragerðisbæjar frá 3. desember 2020, um málið. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga harmar þá stöðu sem komin er upp í samskiptum Reykjavíkurborgar og ríkisins vegna kröfu borgarinnar um að fá um 8,7 ma.kr. fjárframlag frá ríkinu þar sem að mati borgarinnar sé ekki lagastoð fyrir hluta af skerðingum á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til borgarinnar.

Stjórn sambandsins leggst alfarið gegn því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði fyrir fjárhagslegum skaða vegna þessa máls og kallar stjórnin eftir formlegum yfirlýsingum þess efnis frá málsaðilum.

Ásgerður K. Gylfadóttir vék af fundi kl. 15:20.

11. Ný drög að viljayfirlýsingu um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins - 2009213SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 9. desember 2020, um ný drög að viljayfirlýsingu um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt umboð til formanns og framkvæmdastjóra sambandsins að undirrita yfirlýsingu í samræmi við fyrirliggjandi drög.

12. Kjarasamningur - 2009114SA

Lagt fram til staðfestingar samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 9. desember 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningu á samningnum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamning við stjórnendur í tónlistarskólum.

13. Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning - 2009218SA

Lögð fram lokaskýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning, dags. í nóvember 2020.

Stjórn sambandsins samþykkir að þær tillögur sem fram koma í skýrslunni verði kynntar fyrir sveitarstjórnnum og stjórnendum í velferðarþjónustu til að fá afstöðu þeirra um eitt opinbert stuðningskerfi við leigjendur.

14. Tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19 - 2009357SA

Lagt fram bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 7. desember 2020, um tillögur til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19 faraldursins.

Stjórnin samþykkir að béfið verði sent sveitarfélögum til kynningar.

15. Endurtilnefning í loftslagsráð - 2011053SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2020, þar sem Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, er tilnefndur í loftslagsráð.

16. Tilnefning í starfshóp um eflingu kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum - 2011059SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. desember 2020, þar sem Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstjóri Jafnréttisskóla Reykjavíkur, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um eflingu kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

17. Tilnefning í nefnd um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum - 2011040SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. desember 2020, þar sem Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar, og Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins, eru tilnefnd í nefnd félags- og barnamálaráðherra um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

18. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur - fjármagnstekjuskattur - 2011048SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 22. nóvember 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (fjármagnstekjuskattur), mál nr. S-251/2020.

- 19. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum - 2009439SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 23. nóvember 2020, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, mál nr. S-242/2020.
- 20. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi - 2011036SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. nóvember 2020, um tillögu til þingsályktunar um flóðavarnir á landi, 147. mál.
- 21. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 - tekjutengdar bætur - 2011052SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. nóvember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (tekjutengdar bætur), 300. mál.
- 22. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu-, fjarskipta-, og byggðamála - 2011046SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2020, um drög að frumvarpi til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgöngu-, fjarskipta-, og byggðamála, mál nr. S-248/2020.
- 23. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 - málsmeðferð o.fl. - 2011028SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 30. nóvember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál.
- 24. Umsögn um frumvarp um breytingu á skipulagslögum - raflínuskipulag - 2009205SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 1. desember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (raflínuskipulag), 275. mál.
- 25. Umsögn um frumvarp til laga um skatta og gjöld - tryggingagjald o.fl. - 2011047SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 2. desember 2020, um frumvarp til laga um skatta og gjöld (tryggingagjald o.fl.), 314. mál.
- 26. Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi - vannýttur lífmassi í fiskeldi - 2012003SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 2. desember 2020, um frumvarp til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál.

27. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77-2019 - umframlosunargjald og einföldun regluverks - 2012007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. desember 2020, um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019 (umframlosunargjald og einföldun regluverks), 280. mál.

28. Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof - 2011056SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 6. desember 2020, um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál, ásamt fylgiskjali.

29. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda - 2012013SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 7. desember 2020, um drög að frumvarpi til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

30. Umsögn um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands - 2011012SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, dags. 7. desember 2020, um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 26. mál.

31. Lífeyrismál fyrir fund Þjóðhagsráðs - 2009672SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, framkvæmdastjóra og hagfræðings á kjarasviði sambandsins, dags. 29. nóvember 2020, um lífeyrismál fyrir fund Þjóðhagsráðs 2. desember 2020.

32. Stytting vinnuvikunnar - hver er samningsaðili leikskólabarna? - 2012002SA

Lagt fram til kynningar opið bréf Bryndísar Baldvinsdóttur, Sigrúnar Huldu Jónsdóttur og Sóleyjar Gyðu Jörundsdóttur, leikskólastjórnenda til Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra og Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, um styttingu vinnuvikunnar - hver er samningsaðili leikskólabarna?

33. Ráðstefnumat fjármálaráðstefnu 2020 - 2009150SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 7. desember 2020, um niðurstöður ráðstefnumats fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2020.

34. Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019 - 2009344SA

Lögð fram til kynningar greinargerð um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019, dags. í nóvember 2020.

Fundi var slitið kl. 15:55

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari